

Borgarráð 13. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um leiðréttingu á fjárhagsaðstoð MSS23070051

Borgarráð samþykkir að komið verði á laggirnar sjálfvirkum leiðréttingum á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar. Annars vegar er sú breyting lögð fram að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar sé leiðrétt mánaðarlega í takt við neysluvísitölu, þar sem útgjöld íbúa hækka mánaðarlega, m.a. húsaleiga. Hins vegar er lagt til að upphæðin sé leiðrétt árlega í takt við launavísitölu, ef hún hefur hækkað umfram neysluvísitölu, svo fjárhagsaðstoðin dragist ekki aftur úr launapróun.

Greinagerð:

Í núverandi ákvæðum 9. mgr. 11. gr. reglna um fjárhagsaðstoð kemur fram að fjárhæðir greiðslna vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu verði endurskoðaðar af velferðarráði árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Hækkanir eiga það til að vera minni en vísitöluþróun gefur til kynna. Því verða svokallaðar hækkanir í raun ekkert annað en rýrnanir. Til að koma í veg fyrir það er mikilvægt að fjárhæðirnar séu leiðréttar sjálfkrafa í takt við vísitöluþróun. Þetta mun ekki koma í veg fyrir að velferðarráð hækki fjárhagsaðstoðina á hverju ári umfram leiðréttingu, ef það kys svo. Gjaldskrárhækkunir eru fljótar að fylgja verðlagi og er þá talað um leiðréttingu. Hið sama ætti að gilda um þann stuðning sem íbúar eiga rétt á hjá borginni.